

Innviðaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd
Sendandi: Innviðaráðuneytið
Dagsetning: 09.03.2023
Málsnúmer: IRN22040062
Bréfalykill: 10.1

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um pósthjónustu

Ráðuneytið vísar til beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 2. febrúar sl., þar sem farið er þess á leit við ráðuneytið með vísan til 51. gr. þingskaparlaga nr. 55/1991, með síðari breytingum, að ráðuneytið skili minnisblaði til nefndarinnar þar sem brugðist er við innsendum erindum til nefndarinnar vegna þingskjals 673 – 531. mál.

Ráðuneytið tekur fyrir innsend erindi í stafrófsröð.

Erindi Félags atvinnurekanda

Félagið einblínir á 2. gr. frumvarpsins og gerir athugasemdir við þann hluta rökstuðnings að 2. gr. sé liður í því að reyna að draga úr kostnaði ríkissjóðs vegna póstmála. Bendir félagið á að ríkið greiði lítinn hluta af alþjónustu í þéttbýli.

Ráðuneytið tekur undir þetta. Heimild laganna tekur ekki aðeins til þéttbýlustu kjarnanna og höfuðborgarsvæðisins og mun stuðla að aukinni hagkvæmni sem mun vonandi á endanum lækka kostnað ríkisins. Það breytir ekki þeirri staðreynd að úrræði sem þetta mun að leiða til hagræðingar í rekstri hjá alþjónustuveitanda og minni útgjalda ríkissjóðs vegna kostnaðar í dreifðari byggðum.

Félagið tekur einnig fyrir ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar og nú ákvörðun Byggðastofnunar um endurgjald til handa alþjónustuveitanda og einnig eftirlitsstarfsemi með pósthjónustu. Ráðuneytið bendir á að nefnd atriði eru ekki meðal efnisatriða frumvarps þessa og því tekur ráðuneytið ekki afstöðu til þessara atriða.

Erindi Íslandspósts

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við erindið.

Erindi Neytendasamtakanna

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir en leggur áherslur á að komið verður til móts við einstaklinga sem munu ekki geta sótt bréf í bréfabassasamstæður t.d. vegna öldrunar, veikinda eða fötlunar svo dæmi sé tekið.

Erindi Samtaka atvinnulífsins.

Samtök atvinnulífsins telja að orðið „böggull“ sé mikið notað hér á landi yfir pakka. Ráðuneytið er ósammála þessu og bendir á að þó að orð finnist í íslenskrum orðabók þá er það ekki sönnun þess að það sé mikið notað. Ekki er talin ástæða til að breyta orðanotkun þessari í þessu lagafrumvarpinu að svo stöddu.

Erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ráðuneytið hefur skilning á áhyggjum samtakanna. Bent skal á að um heimildarákvæði er að ræða og líklegt þykir að smærri svæði verði tekin fyrir sem tilraunaverkefni. Þá verði haft ríkulegt samráð og gætt að skipulagi hvers svæðis fyrir sig.

Erindi Samtaka verslunar og þjónustu.

Fram kemur í erindi samtakanna að Byggðastofnun hafi skort umboð vegna mistaka við lagasetningu. Ráðuneytið hafnar þessu og bendir á að verkefni Byggðastofnunar í gildandi lögum eru tiltekin í gildandi lögum sjá m.a.l. tölul. 2. mgr. 3.: *Að annast framkvæmd laga þessara og hafa eftirlit með pósthjónustu eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Stofnunin skal framfylgja lögum og*

stuðla að því að markmið þeirra náist. Önnur umkvörtunarefni samtakanna varða ekki frumvarp þetta.

Erindi Öryrkjabandalags Íslands

Ráðuneytið hefur skilning á áhyggjum Öryrkjabandalags Íslands á þeirri óvissu sem frumvarpið kann að valda varðandi framtíð bréfaútburðar. Ráðuneytið bendir á að um heimildarákvæði er að ræða og þá verður haft ríkulegt samráð við hagsmunahópa til að tryggja að sem flest sjónarmið komist að.